

FUNDARGERÐ

Fundur í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs

haldinn 20. ágúst 2010 kl. 13.00 í Ármúla 32, Rvk. og símafundur

Mætt eru:

Í Ármúla 32, á skrifstofu Alta, frá stjórn: Anna Kristín Ólafsdóttir formaður, Magnús Hallgrímsson, Hjalti Þór Vignisson, Ólöf Ýrr Atladóttir og Þórður Ólafsson frkvstj.
Frá Alta: Halldóra Hreggviðsdóttir, Árni Geirsson og Björg Ágústsdóttir.

Í símanum: Elín Heiða Valsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Þórunn Pétursdóttir og Böðvar Pétursson sem kom örlítið síðar inn á fundinn.

Formaður setti fund. Á fundinum er ætlunin að fara yfir lokadrög að Stjórnunar- og verndaráætlun og svörum til aðila sem veittu umsagnir og gerðu athugasemdir.

1. Breyting á fundargerð síðasta fundar.

Umræða fór fram um bókun í fundargerð síðasta fundar sem snertir 1. lið fundargerðarinnar, vegarlagningu, framlengingu úr Vesturdal, spölkorn inn í Þjóðgarðinn. Fundargerð síðasta fundar breytt lítillega til samræmis við það sem fram kom í umræðunum, sem og texta í SogV.

2. Fundur með ÖBÍ.

Anna Kristín sagði frá fundi með fulltrúum ÖBÍ, sem hún, Þórður og Árni frá Alta sátu nú í vikunni. Fundurinn var mjög góður og margt fróðlegt sem þar kom fram. Af umræðunum þótti fulltrúum þjóðgarðsins ljóst, að allt sem gert verður til að bæta aðgengi og aðstöðu fyrir fatlaða í þjóðgarðinum, mun sömuleiðis koma öllum öðrum gestum til góða. Niðurstaðan var sú að stofnaður yrði samstarfshópur um aðgengi fyrir fatlaða í þjóðgarðinum, með fulltrúum frá þjóðgarðinum og ÖBÍ. Tillaga sem ÖBÍ mun gera um orðalagsbreytingu á ákvæði í Stjórnunar- og verndaráætlun, í texta um aðgengi fatlaðra, liggur ekki fyrir en mun væntanlega skila sér til stjórnar eftir helgina.

3. Yfirferð yfir lokadrög texta Stjórnunar- og verndaráætlunar.

Farið var yfir heildarskjal Stjórnunar- og verndaráætlunar eins og það lá fyrir fundinum, það lesið yfir og gerðar lagfæringar og breytingar beint í skjalið eftir athugasemdum fundarmanna. SogV, með þessum breytingum og í endanlegri útgáfu („hreint skjal“) verður send stjórnarmönnum þegar Alta hefur gengið frá skjalinu.

4. Drög að svörum til umsagnaraðila og vegna athugasemda sem bárust

Tillaga að SogV og umhverfisskýrsla hennar voru send tilteknum aðilum til umsagnar. Umsagnir bárust frá hluta þeirra og svör verða send við þeirra umsögnum, þeim sem tilefni er til. Fyrir fundinum lágu drög að svörum stjórnar til umsagnaraðila. Stjórn samþykkir svörin til útsendingar.

Athugasemdum almennings, sem bárust á auglýsingatíma SogV, verður svarað í einu heildarskjali. Endanlegt skjal með tillögum að svörum lá fyrir fundinum og samþykkti stjórn það til útsendingar/birtingar.

Áður en svör – sbr. lið nr. 4 – verða send út, er ætlunin að fá fyrstu viðbrögð ráðuneytisins við SogV og er þess vænst að það taki ekki langan tíma. Að því loknu verða svörin send út.

5. Næstu skref og þakkir.

Næstu skref eru að senda umhverfisráðuneytinu tillögu stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs að Stjórnunar- og verndaráætlun, til yfirferðar og staðfestingar. Áður en það verður gert fer skjalið í lokayfirllestur hjá Íslenskufraeðingi.

Formaður þakkaði stjórnarmönnum kærlega fyrir gott samstarf og fyrir vinnusemi á liðnum misserum, við frágang SogV. Sömu leiðis þakkaði hún ráðgjöfum Alta fyrir samstarfið. Stjórnarmenn færðu hverjir öðrum þakkir fyrir samstarfið.

Fundi slitið kl. 15.30.

